

Nd.

88. Frumvarp

til laga um breytingar á lögum nr. 58 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Flutningsm.: Ásgeir Ásgeirsson.

1. gr.

Í fyrstu grein laganna komi 15. gr. og 16. gr. í stað 13. og 14. gr.

2. gr.

8. gr. laganna breytist þannig:

Tóbakseinkasalan skal leggja frá 10 til 50 af hundraði á tóbak, eftir því sem henta þykir fyrir hverja tegund. Álagningu þessa skal miða við verð vörunnar kominnar í hús hér á landi, að meðtöldum tolli. Tóbak til sauðfjárbaða selst án hagnaðar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Breytingin á 1. gr. er leiðrétting á villu, sem hefir slæðzt inn í löginn við það, að bætt var við nýrri 13. og 14. gr. inn í löginn, sem ekki var í upprunalega frumvarpinu.

Ákvæðin um, að álagning á tóbaki skuli framvegis vera á innkaupsverð að meðtöldum tolli, byggist á því, að á sumum tegundum tóbaks er innkaupsverð aðeins $\frac{1}{3}$ — $\frac{1}{4}$ hluti af samanlögðu innkaupsverði og tolli, og þetta ákvæði því nauðsynlegt til þess, að einkasalan geti náð nægum verzlunarhagnaði, og að rétt hlutfall um álagningu verði á milli hinna einstöku tegunda.